

Nd.

1015. Nefndarálit

[312. mál]

um frv. til laga um sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og kannað efni þess eftir föngum. Nefndin hélt einn fund sameiginlega með iðnaðarnefnd Ed. og fékk auk þess sérstaklega á sinn fund eftirtalda aðila: Guðmund Einarsson og Finnboga Björnsson frá Undirbúningsfélagi saltverksmiðju í Reykjanesi, Gamaliel Sveinsson frá Þjóðhagsstofnun, Valgarð Ólafsson, Einar Sveinsson, Sigurð Haraldsson og Friðrik Pálsson frá Sölusambandi isl. fiskframleiðenda, Finnboga Jónsson frá iðnaðarráðuneyti, Finnboga Kjeld og Gunnar Hjaltalín frá Skipafélaginu Víkur hf.

Nefndin hefði talið æskilegt að fá lengri tíma til að kanna þetta mál rækilega, ekki síst þar sem Þjóðhagsstofnun hefur látið frá sér fara álit (sjá fylgiskjal I með nefndaráliti iðnaðarnefndar Ed., þingskjal 876), þar sem segir, „að brugðið gæti til beggja vona með samkeppnishæfni íslensks fisksalts, en vinnsla verðmeiri efna kunní að reynast ábatasamari“.

Þótt æskilegt hefði verið að kanna nánar væntanlega arðsemi slíkrar verksmiðju, vill nefndin greiða fyrir því, að framkvæmd verði sú áætlun, sem ráðgerð er á árunum 1981 og 1982, þ. e. að byggð verði 8000 tonna saltverksmiðja til að vinna að markaðsþróun með fisksalt, að gerðar verði vinnslutilraunir með kalíframléiðslu og framléiðslu á fisksalti og hugsanlega öðrum hliðarefnum, að boruð verði og virkjuð ein vinnsluhola á svæðinu og undirbúin verkhönnun í 40 þús. tonna verksmiðju og tilboða aflað í sölu á afurðum.

Hins vegar telur nefndin ekki rétt, að nú verði samþykkt bygging 40 þúsund tonna verksmiðju án þess að það mál komi frekar til afgreiðslu Alþingis.

Við leggjum því til að sett verði í lög nýtt bráðabirgðaákvæði, sem tryggir að Alþingi þurfi að samþykkja stækkun verksmiðjunnar í 40 þús. tonn. Er ráð fyrir því gert að það verði í formi þingsályktunartillögu. Mun Alþingi þá gefast færi á því að meta árangur þess starfs, sem þá hefur verið unnið. Breytingartillaga þess efnis er flutt á sérstöku þingskjali.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins þannig breytts.

Alþingi, 21. maí 1981.

Skúli Alexandersson,
form.
Páll Pétursson.

Magnús H. Magnússon,
fundaskr.
Jósef H. Þorgeirsson.
Guðm. G. Þórarinnsson.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
frsm.
Pálmi Jónsson.